

GJALDSKRÁ

Slökkviliðs Borgarbyggðar.

1. gr.

Lög um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðir settar samkvæmt þeim kveða meðal annars á um ábyrgð og skyldur sveitarstjórna á starfsemi slökkviliða þeirra, sem gegna nú ríku hlutverki í umhverfismálum og almennri björgun fólks og verðmæta.

Slökkvilið Borgarbyggðar starfar samkvæmt lögum þessum og er skipað eingöngu hluta-starfandi slökkviliðsmönnum. Slökkvilið Borgarbyggðar er í eigu og starfrækt af Borgarbyggð og fer með brunavarnir í Borgarbyggð sem og í Skorradalshreppi og Eyja- og Miklaholtshreppi samkvæmt gildandi samningum þar að lútandi sem sveitarfélögin hafa gert sín á milli.

Slökkviliðsstjóri er framkvæmdastjóri slökkviliðsins og heyrir undir forstöðumann umhverfis- og framkvæmdasviðs Borgarbyggðar.

Verkefni Slökkviliðs Borgarbyggðar eru því margvísleg og ákvarðast annars vegar af gildandi lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Af öðrum verkefnum skal Slökkvilið Borgarbyggðar taka gjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

Með gjaldskrá þessari fylgir gjalddatafla sem birt er sem fylgiskjal með gjaldskránni.

2. gr.

Af gjaldskyldri starfsemi skal Slökkvilið Borgarbyggðar taka gjald í samræmi við þann kostnað sem stofnunin verður fyrir vegna þessa. Gjald skal ákvarðað á grundvelli vinnuframlags starfsmanna. Fast tímagjald er fyrir klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns og ákvarðast af útgefni gjaldskrá slökkviliðsins sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn og uppreiknast í ársbyrjun hvers árs og tekur mið af gildandi neysluvisitölu. Sveitarstjórn Borgarbyggðar getur einnig tekið ákvörðun um að auglýsa sérstaka gjaldskrá.

3. gr.

Af umsögnum til annarra opinberra stofnana vegna leyfisskyldrar starfsemi skal tekið fast gjald vegna þriggja klukkustunda vinnu ef skoða þarf viðkomandi stað, en annars einnar klukkustundar vinnu ef umsögnin er afgreidd án skoðunar á staðnum.

4. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefnið telst þjóna ríku almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum Slökkviliðs Borgarbyggðar. Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnarsýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi.

5. gr.

Skrifstofa ráðhúss Borgarbyggðar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Vangreidd gjöld samkvæmt gjaldskrá skulu, þegar vægari innheimtuaðgerðir hafa ekki borið árangur, sótt fyrir dómstólum og í kjölfarið skal afla fjárnáms fyrir öllum skuldum samkvæmt ofangreindu. Gjöldum sem til eru komin vegna eftirlits með því að farið hefur verið að kröfum um úrbætur á eldvörnum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, samanber 2. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

6. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til búnaðarkaupa og samfélags- og forvarnaverkefna á vegum Slökkviliðs Borgarbyggðar.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar, með heimild í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 með síðari breytingum og 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Borgarbyggð, 8. júlí 2016.

Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri.

Fylgiskjal.

Gjaldtafla.

Gjöldin taka mið af neysliverðsvisitölu í janúar 2016.

Útselt	Eining	Án vsk kr.	Vsk kr.	Með vsk kr.
Tækifærисleyfi	1	9.631		
Tækifærисleyfi með skoðun	3	28.894		
Veitingaleyfi	1	9.631		
Veitingaleyfi með skoðun	3	28.894		
Gistiheimili	1	9.631		
Gistiheimili með skoðun	3	28.894		
Hótel	1	9.631		
Hótel með skoðun	3	28.894		
Brennuleyfi	1	9.631		
Brennuleyfi með skoðun	3	28.894		
Flugeldasala með skoðun	3	28.894		
Flugeldasýningarleyfi	1	9.631		
Magirus-Deutz dælubíll > 32 - 43 l	1	24.005	5.761	29.766
Renault dælubíll > 32 - 13 l	1	25.905	6.217	32.122
Iveco-Deutz dælubíll > 32 - 132	1	24.005	5.761	29.766
Ford F 550 dælubíll > 32 - 23 l	1	12.607	3.025	15.632
M-Benz dælubíll > 32 - 33 l	1	24.005	5.761	29.766
Scania tankbíll 14.000 ltr.	1	17.904	4.296	22.200
M-Benz tankbíll 13.000 ltr.	1	17.904	4.296	22.200
Rosenbauer – Otter dæla 600 ltr.	4	5.700	1.368	7.068
Honda, 100 ltr.	4	5.700	1.368	7.068
Zigler, 1.600 ltr.	4	5.700	1.368	7.068
Toyhatsu, 2.020 ltr.	4	12.607	3.025	15.632
Rafstöðvar, 3-5,5 kw	4	5.700	1.368	7.068
Maður og vatnssuga	4	10.503	2.520	13.023
Bifreiðar > 10 – 13 tonn	1	355/kr/km		
Bifreiðar > 13 – 20 tonn	1	408/kr/km		
Slökkviliðsmenn, pr/dagvinna	1	4.490	1.077	5.567
Slökkviliðsstjóri, pr/dagvinna	1	3.454	828	4.282
Slökkviliðsstjóri, pr/yfirvinna	1	5.253	1.260	6.513
Vinna, pr/klst.	1	9.631	2.311	11.942